

373. fundur Skólanefndar FS

10. september 2025



Mættir: Anna Lilja Jóhannsdóttir, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Guðjón Árni Antoníusson, Ragnheiður Möller, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Tristan Einarsson áheyrnarfulltrúi nemenda, xxxxx áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns og varaformanns skólanefndar.
 2. Staðan við upphaf annar og breytingar.
 3. Húsnæðismál.
 4. Fréttir af NFS.
 5. Önnur mál.

1. Kosning formanns og varaformanns skólanefndar.

Formaður og varaformaður skólanefndar kosnir. Lagt til að Ásrún Helga Kristinsdóttir verði formaður nefndarinnar og Anna Lilja Jóhannsdóttir verði varaformaður. Samþykkt samhljóða.

2. Staðan við upphaf annar og breytingar.

Skólameistari sagði frá upphafi annar og breytingum á starfsmannahópnum. Töluverðar framkvæmdir og viðhald á húsnæði voru í sumar. Vegna framkvæmda í eldhúsi var ekki hægt að bjóða upp á heitan mat fyrir nemendur fyrstu viku skólaársins.

Nemendur í dagskóla eru um 1050 en nýnemar eru um 315. Þá eru um 160 nemendur í síðdegisnámi og grunnskólanemendur eru um 140. Heildarfjöldi nemenda er því um 1350. Nám í fóttaðgerðafræði fór af stað í haust en sú námsbraut kom frá Keili. Vísa þurfti nokkrum fjölda umsækjenda frá, einkum í verknámi. Um 30% nemenda eru á stúdentsbrautum, 45% á framhaldsskólabrautum og um 15% í verk- og starfsnámi. Nemendur á starfsbraut eru nú 10,% nemenda en óvenjumargir nýnemar eru á þeirri braut. Erlendir nemendur eru 4,1% nemenda, þar af eru 17 nýnemar.

Skólameistari sagði einnig frá stöðu mála varðandi fjárveitingar til skólans og nemendaígildi. Nemendaígildi skólans eru nú 950. Skólinn fær ennþá minna fjármagn á hvern nemanda en aðrir framhaldsskólar.

3. Húsnæðismál.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi fyrirhugaða viðbyggingu en ekkert hefur frést af þeim áformum. Nú eru þrír gámar við skólann nýttir sem kennslustofur og ein stofa er tekin á leigu í íþróttahúsi. Einnig er húsnæði á Ásbrú leigt fyrir kennslu í fóttaðgerðafræði. Skólameistari sagði ljóst að afar brýnt væri að bæta úr húsnæðismálum skólans og tóku nefndarmenn undir það.

TE

aw

RM

AdJ

GTA

'PARK

KPsm.

ELV

4. Fréttir af NFS.

Tristan formaður NFS sagði frá starfsemi félagsins. Nýnemavika var í upphafi annar og var þátttaka góð. Skemmtikvöld og busaball er framundan og síðan taka við prufur fyrir ræðukeppni MORFÍS og íþróttavika. Tristan sagði nýráðinn tómstundafulltrúa, Elínborgu Ingvarsdóttur, hafa styrkt stjórn félagsins í sínu starfi og einnig hefur verið gott samstarf við félagsmiðstöðina Fjörheima. Stjórn félagsins hefur áhuga á að auka fjölbreytni í starfinu og ná til nemenda sem ekki hafa tekið virkan þátt í félagslífi.

5. Önnur mál.

a) Rætt um erindi sem Halldór Rósmundur Guðjónsson skólanefndarmaður sendi inn á fundinn. Þar var lagt til að Hjördísi Evu Þórðardóttur, verkefnisstjóra farsældar á Suðurnesjum, verði boðið á fund nefndarinnar til að ræða fjárveitingar til skólans og áhrif þeirra á menntun og farsæld nemenda. Nefndarmenn lögðu til að Hjördís verði boðið á næsta fund nefndarinnar til að ræða þessi mál. Ásrún ræðir við Hjördísi um að mæta á fund nefndarinnar.

Halldór lagði einnig til að skólanefnd ræði af hverju skóladagur nemendur á starfsbraut sé styttri en annarra nemenda. Skólameistari tók fram að skólinn hafi aðeins leyfi til að bjóða nemendum á starfsbraut upp á kennslu en ekki aðra viðveru eða frístundir en slíkt sé á borði sveitarfélaga. Skólameistara falið að taka saman punkta um kennslu og skóladag nemenda á starfsbraut og kynna á næsta fundi skólanefndar.

b) Ákveðið að næsti fundur skólanefndar verði miðvikudaginn 8. október.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Anna Lilja Jóhannsdóttir
Anna Lilja Johannsd

Guðjón Árni Antoníusson

Guðjón Árni

Gunnar Valdimarsson

Gunnar Valdimarsson

Kristján Ásmundsson, skólameistari

Kristján Ásmundsson

Ásrún Helga Kristinsdóttir

Ásrún H. Kristinsd.

Ragnheiður Möller

Ragnheiður Möller

Tristan Einarsson

Tristan Einarsson

Guðmann Kristþórsson, fundarritari

Guðmann Kristþórsson